

ÖLDRUNARFRÆÐA FÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur Öldrunarfræðafélags Íslands var haldinn miðvikudaginn 20. mars 2024
kl. 17.00 -18.00 í fundarsal Landakotsspítala

Fundarstjóri: Guðrún Día Hjaltsted

Fundarritari: Margrét Guðnadóttir

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla vísindasjóðs
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Kosning stjórnar sbr. 6.gr.
5. Kosning stjórnar Vísindasjóðs félagsins, sbr. 8. gr.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs
7. Árgjald ákveðið
8. Lagabreytingar
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Sirry Sif Sigurlaugardóttir, formaður ÖLD flutti skýrslu stjórnar, sjá fylgiskjal 1. Skýrsla samþykkt einhljóma af fundarmönnum. Í stjórn á starfsárinu 2023-2024 sátu; Sirry Sif Sigurlaugardóttir félagsráðgjafi formaður stjórnar, Svanborg Kristinsdóttir, iðjubjálfi, gjaldkeri, Berglind Blöndal næringarfræðingur, meðstjórnandi, Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur, ritari og Guðrún Día Hjaltsted, sjúkrabjálfi, meðstjórnandi. Stjórnarfundir voru haldnir mánaðarlega á Teams, með hléi yfir sumarmánuði.

Markmið félagsins:

- Að starfa að því að auka þekkingu í málefnum er varða aldraða
 - Að efla rannsóknir á sviði öldrunarfræða
 - Að vera opinberum aðilum til ráðuneytis í málefnum aldraða
 - Félagið tekur þátt í að auka fræðilega umræðu meðal fagfólks
 - Að kynna hið nýjasta sem er að gerast í öldrunarfræðum hverju sinni. Tekur þátt í innlendu og erlendu samstarfi stofnana og samtaka er láta sig varða málefni aldraða Félagið heldur námsstefnur og starfrækir Vísindasjóð.
- Vísindasjóður félagsins var stofnaður 1984 til styrktar vísinda- og rannsóknarstarfsemi í öldrunarfræðum.

2. Skýrsla vísindasjóðs

Sirry Sif Sigurlaugardóttir flutti skýrslu sjóðsins fyrir hönd Guðrúnar Reykdal, formanns vísindasjóðs, sjá fylgiskjal 2. með fundargerð. Skýrsla samþykkt af fundarmönnum.

3. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Svanborg Kristinsdóttir gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

4. Kosning stjórnar, sbr. 6. gr.

Engar breytingar á stjórn félagsins bornar upp.

Samþykkt var samhljóða eftirfarandi stjórnarskipan 2024-2025:

Sirry Sif Sigurlaugardóttir félagsráðgjafi formaður stjórnar. Kt. 230386-2859

Berglind Blöndal næringarfræðingur. Kt. 140577-3169

Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur. Kt. 060776-4079

Guðrún Día Hjaltested, sjúkráþjálfari. Kt. 131194-2699

Svanborg Guðmundsdóttir, iðjuþjálfari. Kt. 110874-4219

5. Kosning stjórnar vísindasjóðs, sbr. 8. gr.

Stjórn vísindasjóðs verður óbreytt. Í stjórn sitja: Guðrún Reykdal, félagsráðgjafi, Sigrún Sunna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir, næringarfræðingur.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs

Ragnheiður Kristjánsdóttir og Pétur Þorsteinsson gefa áfram kost á sér. Samþykkt samhljóða.

7. Árgjald ákveðið

Sirry Sif Sigurlaugardóttir formaður lagði til að árgjald yrði óbreytt, kr. 2150. Var það samþykkt samhljóða.

8. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum lagðar fram á fundi.

9. Önnur mál

Engin önnur mál borin upp.

Fundi slitið kl. 18.

Fundargerð ritaði: Margrét Guðnadóttir

Skýrsla stjórnar Öldrunarfræðafélags Íslands starfsárið 2023 – 2024

Í stjórn ÖLD á starfsárinu sátu:

- Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi og doktorsnemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, formaður stjórnar.
- Berglind Soffía Blöndal, næringarfræðingur hjá Heilsuvernd og Sjúkrahúsinu á Akureyri, doktorsnemi við Háskóla Íslands, varaformaður.
- Svanborg Guðmundsdóttir, iðjupjálfi á Landakoti LSH og gjaldkeri stjórnar.
- Margrét Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, verkefnastjóri SELMU heimaþjónustu og doktorsnemi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, ritari stjórnar.
- Guðrún Día Hjaltsted, sjúkraþjálfari á LSH og meðstjórnandi.

Síðasti aðalfundur var haldinn 24. mars 2023. Sunna Kristinsdóttir iðjupjálfi og Guðfinna Björnsdóttir sjúkraþjálfari gengu úr stjórn en Svanborg Guðmundsdóttir iðjupjálfi og Guðrún Día Hjaltsted sjúkraþjálfari, tóku sæti. Í kjölfar aðalfundar tók við yfirfærsla á hlutverkum innan stjórnar sem tekur tíma, sérstaklega þegar nýr gjaldkeri tekur við.

Stjórn fundaði mánaðarlega yfir vetrartímann, oftast í gegnum fjarfundarbúnað. Helsta verkefni stjórnar var að yfirfara félagatal, innheimta félagsgjöld, miðla upplýsingum um viðburði og fréttir tengda öldrunarmálum innanlands og utan og skipuleggja afmælistálfing félagsins.

Styrkur var veittur úr vísindasjóði ÖLD á síðasta aðalfundi eins og venja er. Styrkur þessa árs var afhentur á afmælistálfinginu. Sjá nánar í skýrslu vísindasjóðs.

Næsta ráðstefna NGF mun fara fram á Karolinska Institutet í Stokkhólmi 12.-14. júní 2024. Upplýsingum um hana hefur verið miðlað til félagsmanna. Formaður stjórnar og einn fulltrúi úr stjórn vísindasjóðs eru fulltrúar í íslensku vísindanefndinni sem hefur farið yfir innsent efni fyrir ráðstefnuna. Undibúningur gengur vel.

Svanborg Guðmundsdóttir iðjupjálfi og ritari stjórnar tók þátt í skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd á Degi byltuvarna í samstarfi við RHLÖ, LSH, Sak, Beinvernd og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu. Dagurinn var haldinn 22. september 2023 á Hótel Nordica.

Haldið var upp á hálfra aldar afmæli félagsins með málþingi þann 22. febrúar síðastliðinn í safnaðarheimili Neskirkju. Stjórnin er einlæglega ánægð með daginn og þátttöku fyrirlesara og gesta.

Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi og formaður stjórnar

Skýrsla Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands 2023 til 2024

Í stjórn Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands frá 2022 eru:

- Guðrún Björk Reykdal, formaður vísindasjóðs, MA, félagsráðgjafi og sérfræðingur hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.
- Sigrún Sunna Skúladóttir, Phd í heilbrigðisvísindum, lektor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands.
- Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir, MSc, næringarfræðingur, stundar doktorsnám í næringarfræði og er aðjunkt við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Styrkveiting 2024

Upphaflegur umsóknarfrestur var til 22. janúar 2024. Engin umsókn barst innan þeirra tímamarka. Umsóknarfrestur var því framlengdur til 10. febrúar 2024 og bárust tvær umsóknir á tveimur mismunandi fræðasviðum.

Ákveðið var að veita einn styrk að upphæð 300.000 kr. og er styrkþegi:

Inga Valgerður Kristinsdóttir fyrir rannsóknina „Þættir í fari skjólstæðinga heimahjúkrunar sem spá fyrir um flutning á hjúkrunarheimili. Rannsókn byggð á inter-RAI – Home Care gögnum.“ Leiðbeinandi hennar er Kristín Björnsdóttir, prófessor í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands.

Styrkveiting fór fram á 50 ára afmælistálfingi ÖLD þann 22. febrúar 2024.

19. mars 2024.

Fyrir hönd Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands,



Guðrún Björk Reykdal, formaður Vísindasjóðs ÖLD.

Bókhald 2023 Öldrunarfræðafélag Íslands

Kennitala 590281-0349

Eignir

43180 / Vörslusafn	10.009.005
Aðalreikningur 0513-14101959	5.278
Vild-Fyrirt 0513-26-009757	358.001

Samtals 10.372.284

Tekjur

Árgjald 236 x 2150	507.400
Vextir	4.959

Samtals 512.359

Útgjöld

Öldrunarráð	20.932
Styrkur til öldrunarrannsóka	300.000
Þjónustugjöld/innheimtuþjónusta	51.001
Fjármagnstekjuskattur	1.091
Internet á Íslandi hf.	6.293
Basic markaðsstofa ehf.	49.002
Kostnaður aðalfundur	83.685
NGF greiðsla	7.411

Samtals 519.415

20 19 24
23
Hafi yfirfarid innisatun og ekki dundid
Gjaldkeri Öldrunarfræðafélag Íslands
Undirskrift: *[Signature]*
[Signature]
[Signature]